



## Greinargerð með tillögu að starfsleyfi

Borgarbyggð – Meðhöndlun úrgangs að Bjarnhólum

### Grein 1.2

Magnheimildir og úrgangsflokkar eru í samræmi við starfsleyfisumsókn og fyrirspurn um matsskyldu sem umsækjandi sendi Skipulagsstofnun. Mat Skipulagsstofnunar er að starfsemin teljist ekki tilkynningaskyld vegna ákvörðunar um matsskyldu.

Heimild til geymslu úrgangs skv. B-lið miðast við u.þ.b. helminginn af því magni sem heimilt er að taka á móti árlega. Heimild til geymslu úrgangs skv. D-lið er í samræmi við starfsleyfisumsókn.

### Grein 2.9

Um er að ræða urðunarstað fyrir óvirkan úrgang og því er ekki gerð krafa um starfsleyfistryggingu, sbr. 59. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

### Grein 3.1

Gerð er krafa um skráningar á magni þess úrgangs sem tekið er á móti. Þá er átt við þyngd úrgangsins, enda eru allar magnheimildir í starfsleyfinu tilgreindar í tonnum. Í starfsleyfisumsókn kemur fram að ekki verði sett upp vigt á svæðinu en að það magn sem komi inn verði rúmmálmælt. Umhverfisstofnun fellst á að magn úrgangsins verði metið með rúmmálmælingu við móttöku hans en leggur um leið áherslu á að magnið verði umreiknað yfir í þyngd strax við skráningu.

### Grein 3.6

Ákvæði 1. mgr. eru til að koma í veg fyrir að vatn sitji í botni urðunarreina, þannig að úrgangur liggja ekki í vatni.

Umsækjandi lagði fram áhættumat þar sem fjallað var um þann úrgang sem urðaður verður og uppruna mögulegrar mengunar. Urðunarstaðurinn uppfyllir almenn skilyrði Umhverfisstofnunar fyrir urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang sem geta lagt fram áhættumat sem fylgir ekki þeim norsku leiðbeiningum sem stofnunin notast öllu jöfnu við. Skilyrðin eru að urðunarstaðurinn taki við minna en 20.000 tonnum af óvirkum úrgangi á ári og að hann sé ekki staðsettur í nálægð við vatnsverndarsvæði, náttúruverndarsvæði eða annað svæði sem nýtur sérstakrar verndar.

### Grein 3.7

Sjá umfjöllun um áhættumat undir umfjöllun um grein 3.6.

### Grein 4.2

Vöktunaráætlun kveður á um mælingar í þremur grunnvatnsbrunnum, einum fyrir ofan staðinn sem gefur upplýsingar um bakgrunnsgildi í grunnvatninu og tveimur brunnum fyrir neðan staðinn sem ætlað er að leiða í ljós ef mengun berst frá staðnum. Mæla á grunnvatnshæð tvisvar á ári í brunnunum þremur, sbr. ákvæði B-liðar 4. tl. III. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Þar sem urðunarstaðurinn er lítill og grunnvatnsrennsli í mýrinni við staðinn virðist vera hægfare er einungis gerð krafa um sýnatöku og mælingar á samsetningu grunnvatns annað hvert ár, jafnvel þótt dregið sé úr kröfum um tilbúinn jarðfræðilegan tálma, botnþéttingu, hriplag og söfnun sigvatns, sbr. gr. 3.6 og 3.7. Mæliþættir eru hefðbundnir fyrir grunnvatn.

Jafnframt kveður vöktunaráætlun á um mælingar í læk sem rennur um urðunarstaðinn. Sýni hafa áður verið tekin úr þessum læk. Taka á sýni á einum stað úr læknum, neðan urðunarstaðarins. Hnit sýnatökustaðarins fengust frá umsækjanda. Mæla á rennsli og samsetningu annað hvert ár. Ef aðstæður á sýnatökustaðnum leyfa ekki mælingu á rennsli er fullnægjandi að meta rennslið sjónrænt.

Mælipættir eru hefðbundnir fyrir yfirborðsvatn. Ekki er gerð krafa um samanburðarmælingar í skurði sem áður hefur verið mælt í, þar sem ekki er ljóst að hann gefi fullnægjandi bakgrunnsgildi fyrir vatnið í læknum. Mögulegt verður að bera niðurstöður mælinga í læknum við niðurstöður fyrri mælinga og við umhverfismörk í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Undanþága frá sigvatnssöfnun er veitt í grein 3.7. Eðli málsins samkvæmt er því ekki gerð krafa um vöktunarmælingar í sigvatni.

#### **Grein 5**

Móttaka og meðhöndlun á allt að 520 tonnum á ári af úrgangi fellur í 2. eftirlitsflokk skv. b-lið 12. tl. í fylgiskjali 1 við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

#### **Grein 6**

Umsækjandi sótti um starfsleyfi til 16 ára, sem er í samræmi við almennt viðmið Umhverfisstofnunar um hámarksgildistíma starfsleyfa. Gildistími er því ákveðinn til 16 ára frá útgáfudegi, þó með þeim fyrirvara að deiliskipulag fyrir starfsemina liggi fyrir við útgáfu starfsleyfisins. Samkvæmt upplýsingum frá umsækjanda er gerð deiliskipulagsins á lokastigi.